

**Ed.**

**620. Frumvarp til laga**

[203. mál]

um breytingu til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

**1. gr.**

Varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, er taki gildi 1. janúar 1966, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á lögum nr. 55/1962:

1. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 12. gr. til að taka kjara-deilu til meðferðar framlengist til 1. september 1965.

2. Frestur aðila samkvæmt 1. mgr. 14. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. október 1965.

3. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 16. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 1. desember 1965.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði hinn 10. marz 1965 „til að annast endurskoðun á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna“. Eru störf nefndarinnar enn á undirbúningsstigi, en hún mun leitast við að ljúka þeim það fljótt, að tillögur hennar megi leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi. Með hliðsjón af fenginni reynslu þykir hins vegar nauðsynlegt að gera nú þegar á greindum lögum þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, og er samkomu-lag ríkisstjórnarinnar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um flutning frum-varpsins.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur ákveðið uppsögn nógildandi kjara-samninga ríkisstarfsmanna frá 1. janúar 1966 með sjö mánaða fyrirvara, miðað við 1. júní n. k., sbr. 8. gr. laga nr. 55/1962.

Samkvæmt 10. gr. laganna skal aðili, er segir kjarasamningi upp, senda gagn-aðila samtímis uppsögn tillögur í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu samn-ingsviðræður hafnar þá þegar, þ. e. eigi síðar en 1. júní, og er eigi lagt til, að þessum tímamörkum verði breytt.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningar komizt á, þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, þ. e. 1. júlí. Er lagt til, að frestur þessi framlengist til 1. september, þannig að aðilar fái þrjá mánuði til samningaumleitana í stað eins mánaðar samkvæmt lögnum, en sáttasemjari ljúki störfum og aðilar sendi Kjaradómi greinargerðir fyrir 1. október í stað 1. ágúst.

Loks er lagt til, að frestur Kjaradóms til uppsögu dóms um ágreiningsefni verði til 1. desember í stað 1. september, sbr. 16. gr. laganna.